

1872.

29. febrúar.

Til þess að komast hjá misskilningi skal því við bætt, að eigi skal birta tæða áætlun á manntalsþingum.

29. febrúar.

32. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landfógetans á Íslandi, um fjárhagsáætlun fyrir Ísland á reikningsárinu 1872—73.

(Fyrsti kafli er samhljóða upphafinu á bréfinu næst á undan).

Því skal við bætt, að þeim yfirvöldum á Íslandi, sem í hlut eiga, hefir í dag verið gefin vísbinding um þetta.

29. febrúar.

33. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um skyldu presta að leggja til vegavinnu.¹

Útaf því, að Þorkell prestur Eyjólfsen að Borg í Mýrasýslu hefir skorazt undan að leggja til vinnu þá til aukavega, sem fyrir er mælt um í tilsk. um vegina á Íslandi, 15. marz 1861, 18. grein, og byggt þessa undanfærslu á bréfi nokkru frá stiptsyfirvöldunum á Íslandi, þar sem tæð grein er þýdd á þá leið, að eigi lægi á prestum nein skylda í þessu tilliti, hafið þær, herra amtmáður, jafnframt og þær tilfærið þær ástæður, sem að yðar áliti sè fyrir því, að lagabodið sè skilið gagnstætt þessu, í bréfi, dagsettu 17. febrúar f. á., lagt þetta ágreiningsmál undir úrskurð stjórnarráðsins.

Eptir að vör höfum skrifazt á við stiptamtanninn yfir Íslandi um þetta mál, gefum vör yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, og til þess þær birtið það, og gjörði frekari ráðstafanir, ef á þarf að halda, að stjórnarráðið fellst á þá skoðun, er þær hafið látið í ljósi, að prestum sè eins skylt og öðrum verk-

¹) Sama dag var stiptamtanninum og amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu tilkynntur þessi úrskurður stjórnarráðsins.

færum karlmönnum á lögboðnum aldri, að leggja til vinnu eða peninga til vegabóta og viðhalds á aukavegunum.

1872.

29. febrúar.

34. Bréf dómsmálastjórnarinnar til fjárstjórnarinnar, um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum.

21. marz.

Í tilskipun handa Íslandi um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, 26. febr. þ. á., sem vèr með þessu bréfi sendum nokkur exempl. af, er svo fyrir mælt, að af allskonar víni og brennivíni eða þessháttar tilbúnum áfengum drykkjum, sem flytjast til Íslands, skuli greiða aðflutningsgjald, 8 sk. af hverjum potti, ef þeir eru fluttir á árum, tunnum eða öðrum stórum ílátum, en sè þeir tappaðir á flöskur, krúkkur, brúsa eða þesskonar ílát, skuli greiða 8 sk. af hverjum 3 pelum. Þarè engin tollheimta er á Íslandi, hefir mönnum komið saman um í umræðunum um lagaboð þetta, áður en það kom út, að óhætt mundi að byggja á því, að tollskráin, sem hvert skip, er afgreidd er til Íslands á tollstað í ríkinu, á að hafa meðferðis samkvæmt lögum 15. apríl 1854, 8. gr., mundi eptir atvikum vera nægilega tryggjandi meðal, að því leyti er snerti skip, sem kæmi frá innanríkis höfn, til þess að hafa gætur á, að gjaldið yrði rétt galdið, ef að eins tollskráin væri samin með svo mikilli nákvæmni, að gjaldið yrði byggt á henni (samanbr. ástæðurnar¹ fyrir frumvarpi því, sem lagt var fyrir alþingi, til þessarar tilskipunar, í viðbætinum við stjórnartíðindin dönsku [*Ministerialtidenden*] fyrir 1871, bls. 67). Dómsmálastjórnin mælist því til, að fjárstjórnin gjöri svo vel að láta í tæ aðstoð sína til þess, að svo verði sagt öllum tollstöðum í Danmörku fyrir, að tollskráin fyrir sèrhvert skip, sem á að fara til Íslands, og sem hlaðið er að öllu eða nokkru leyti einhverju af þeim vörum, sem taldar eru að framan, verði hær eptir samin með svo mikilli ná-

¹) Tíðindi frá alþingi 1871, II, 90—100.